



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2005  
Tilvísun: UST20050600243/sf

### **Virkjun Fjarðarár í Seyðisfirði. Matsskylda.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. júní sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt tilkynningu um framkvæmdina er gert ráð fyrir að byggðar verði tvær sjálfstæðar virkjanir við ána, Gúlsvirkjun sem verður 2,5 MW og Bjólfsvirkjun sem verður 4,9 MW. Miðlunin í Heiðarvatn verður endurbyggð og gert verður jöfnunarlón neðan við vatnið en úr því mun renna í inntakslón Gúlsvirkjunar. Úr lóninu mun liggja niðurgrafið aðrennslispípa niður fyrir Gúlinn að ármótum Stafdals- og Fjarðarár, en þar verður stöðvarhús Gúlsvirkjunar staðsett. Fyrir neðan stöðvarhúsið á ármótunum verður inntakslón Bjólfsvirkjunar, en þaðan mun liggja niðurgrafið aðrennslispípa að neðra stöðvarhúsinu um 200 m fyrir utan gömlu Fjarðarselvirkjunina. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að ekki þurfi að leggja nýja vegi eða vegslóða vegna framkvæmdanna í heild sinni nema frá akvegi Fjarðarselvirkjunar að fyrirhuguðu stöðvarhúsi Bjólfsvirkjunar alls um 35 m. Einnig verður að gera vegslóða í lónstæði Þverarlóns til að hægt verði að komast með byggingarefnið í stíflugarðana. Þá þarf að gera breytingar á þjóðveginum á kafla við austari enda Heiðarvatns.

Umhverfisstofnun telur að tilkynning framkvæmdaraðila um framkvæmdina sé vel unnin og til fyrirmyndar. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

#### **Efnistaka**

Samkvæmt upplýsingum í tilkynningu framkvæmdaraðila er efnispörf alls um 287.000 m<sup>3</sup>, auk steinsteypu. Námur verða mestu leyti innan lónstæða. Náma við inntaksmannvirki Bjólfsvirkjunar er utan lónstæðis en þar var tekið efni við gerð gamla þjóðvegarins. Ein fjögurra náma við Heiðarvatn er að hluta til utan þess svæðis sem fer undir vatn við stækkun miðlunar þar. Líkur eru á að ekki þurfi að taka efni utan lónstæðisins en framkvæmdaraðili hefur kosið að afmarka námusvæði rúmt til að tryggja að nægjanlegt efni sé innan námusvæðisins. Ekki þarf að leggja sérstaka vegi vegna fyrirhugaðrar efnistöku heldur verður

notast við eldri þjóðveg og línuvegi sem til staðar eru.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku en bendir á að vanda verður til frágangs á efnistörustöðum, ekki síst þeirra sem eru utan við fyrirhuguð lónstæði. Stofnunin bendir á að gera verður áætlun um efnistöku, þar sem m.a. er gerð grein fyrir magni og gerð efnis, vinnslutíma og frágangi á efnistökusvæði., sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Gróður

Náttúrustofa Austurlands gerði úttekt á gróðri á fyrirhuguðu virkjunarsvæði. Ekki var þó gerð sérstök úttekt á því svæði sem fer undir jöfnunarlón en áhrif á gróður metin út frá loftmyndum og gróðri á nærliggjandi svæðum. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknanna er gróður á heiðarsvæðunum, þ.e. við Heiðarvatn, Þverá og inntakslón Gúlsvirkjunar, yfirleitt gisinn og gróskulítill. Gróðurþekja er fremur lítil, víðast minni en 50% og langmestur hluti svæðisins þakinn mosagróðri. Tegundafjölbreytni á heiðarsvæðunum er töluverð miðað við hve hátt svæðin liggja, en ekki fundust sjaldgæf eða verðmæt gróðurlendi. Hvorki fundust þar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á valista, en við sæluhúsið norðan Heiðarvatns fannst þó Síberíugrýta, sem talinn er sjaldgæfur slæðingur, bæði á Íslandi og í Skandinavíu. Náttúrustofa Austurlands telur ekki líklegt að jöfnunarlónið hafi teljandi áhrif á gróður þar sem lítill gróður er á því svæði sem fyrirhugað er að fari undir jöfnunarlónið og lónið er auk þess lítið. Gróður við inntakslón Bjólfsvirkjunar er gróskumikill á þeim svæðum sem eru gróin en töluverður hluti af svæði inntakslónsins er áreyrar og árfarvegur. Á þeim svæðum sem aðrennslispípur liggja um er víða gróskumikill gróður.

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands (sjá fylgiskjal með tilkynningu framkvæmdaraðila) kemur fram að í miðju lónstæði Þverarlóns er lítið mosaríkt votlendi með fjölda lækja og linda, sem er eins og dálítill vin í umhverfinu og fallegt. Þá eru nokkrir votlendisblettir í brekkunum nálægt aðrennslispípum, en sennilega verður að mestu sneitt hjá þeim við framkvæmdina samkvæmt upplýsingum framkvæmdaraðila. Í greinargerð Náttúrustofu Austurlands kemur fram að öll votlendisvæði á athugunarsvæðum eru langt undir 3 ha að stærð en hins vegar kemur ekki fram hver er heildarstærð þeirra votlendissvæða sem munu skerðast við framkvæmdina.

Umhverfisstofnun telur með hliðsjón af framangreindu ekki líklegt að framkvæmdir munu hafa umtalsverð áhrif á gróður. Stofnunin telur að forðast eigi að raska votlendisblettum í brekkum sem aðrennslispípur munu liggja um. Þá er að mati stofnunarinnar æskilegt að athugað verði með endurheimt votlendis í stað þess votlendis sem raskast við framkvæmdina. Umhverfisstofnun leggur jafnframt áherslu á mikilvægi þess að jarðraski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar og að vandað verði til frágangs að verki loknu.

### Dýralíf

Í skýrslu Náttúrustofu Austurlands um gróðurfar og dýralíf á áhrifasvæðum virkjunar í Fjarðará í Seyðisfirði (sjá fylgiskjal með tilkynningu framkvæmdaraðila) segir m.a.:  
*„Í ljósi athugana sem hér er greint frá er ljóst að fáar fuglategundir eru á áhrifasvæði fyrirhugaðra virkjana og einstaklingsfjöldi lítill. Ekki verða fundin nein rök fyrir því að framkvæmdir muni hafa umtalsverð áhrif á tilvist þeirra á svæðinu. Búast má við að fuglar verði fyrir einhverju ónæði á framkvæmdatíma en hægt er að lágmarka það með að stilla*

*framkvæmdum í hóf á varptíma sem er maí og júní.*”

Talið er að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á ferðir tófu og hreindýra. Ekki var gerð sérstök úttekt vegna áhrifa jöfnunarlóns á dýralíf en samkvæmt greinargerð Náttúrustofu Austurlands verða ekki fundin nein rök fyrir því að jöfnunarlónið hafi teljandi áhrif á tilvist fugla og annarra dýra á svæðinu.

Í athugun á fuglalífi á áhrifasvæða virkjunarinnar sáust þrjár tegundir sem eru á valista, þ.e. himbrimi, grágæs og straumönd. Náttúrustofa Austurlands bendir á að á framkvæmdatíma er ástæða til að taka sérstakt tillit til þeirra fuglategunda sem eru valista við Heiðarvatn, í Stafdal og á Fjarðará.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð virkjun muni hafa umtalsverð áhrif á dýralíf, en leggur áherslu á að tekið verði tillit til þeirrar ábendingar Náttúrustofu Austurlands að halda framkvæmdum í lágmarki á varptíma.

### **Lífriki á Fjarðará**

Í greinargerð og umsögn Veiðimálastofnunar vegna áformaðra virkjana í Fjarðará (sjá fylgiskjal með tilkynningu um framkvæmdina) segir m.a. um áhrif framkvæmda á lífríki í Fjarðará:

*„Samantekið má áætla að áhrif þeirra framkvæmda sem ráðgerð eru í Heiðarvatni vegna hækkunar stíflu og aukinnar vatnsmiðlunar geti talist minniháttar vegna fyrri röskunar og einnig í ljósi þeirra áforma sem eru um rekstur mannvirkja. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði aðlagður að vatnsbúskap svæðisins til að lágmarka áhrif. Sama á við um hin lónin tvö sem eru mun minni.*”

Veiðimálastofnun bendir jafnframt á að til að lágmarka áhrif framkvæmda neðan við stíflu sé mikilvægt að breytingar á rennsli verði sem hægastar, einkum þegar rennsli er minnkað. Þar kemur einnig fram að svo framarlega sem lágmarksrennsli verði haldið eftir virkjun miðað við mælt lágmarksrennsli undangenginna ára (eins og til stendur) sé ólíklegt að virkjunin hafi mikil áhrif á framleiðslu bleikju og laxaseiða árinna á fiskgenga hlutanum.

Með hliðsjón af framangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugaðar virkjanir í muni hafa í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki í Fjarðará. Stofnunin tekur undir ábendingar Veidimálastofnunar þess efnis að mikilvægt sé að gæta vel að umgengni við ána á framkvæmdatímanum og að framkvæmdirnar verði tímasettar þannig að ekki spillist veiði í ánni.

### **Sérstök vernd**

Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd njóta fossar sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fyrirhuguð virkjun Fjarðarár mun hafa áhrif á vatnsrennsli í fossum í Fjarðará. Í tilkynningu framkvæmdaraðila eru sýndar myndir af Múlafossi og Gufufossi með mismunandi vatnsrennsli og er sú framsetning að mati Umhverfisstofnunar til fyrirmyndar. Þá kemur fram í tilkynningu að miklar rennissveiflur séu í ánni. Meðalrennsli yfir sumarmánuðina er um 8,2 m<sup>3</sup>/sek en meðalrennsli yfir allt árið er 3,73 m<sup>3</sup>/sek. Á köldum vetrardegi getur rennslið orðið afar lítið og farið niður fyrir 0,1 m<sup>3</sup>/sek.

Bæði Múlafoss og Gufufoss eru á skrá yfir fossa á Íslandi sem Náttúruverndarráð gaf út 1978 (sjá fjölrít Náttúruverndarráðs nr. 2, Fossar á Íslandi) en á skránni eru fossar sem æskilegt er

talið að friðlýsa. Í skránni eru 30 fossar sem merktir eru tveimur stjörnum, en það eru fossar sem mjög æskilegt er að friða. Einn þessara fossa er Gufufoss í Fjarðará. Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að vatnsnotkun til virkjananna ráðist af því að rennsli fari ekki niður fyrir náttúrulegt lágrennsli og að áin haldi sínum náttúrulegu rennslissveiflum. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er tilgreint nánar hvert lágmarksrennsli verður í ánni eftir framkvæmdirnar. Með hliðsjón af verndargildi ofangreindra fossa telur stofnunin að tryggja verði að það mikið rennsli verði ávallt í ánni að ekki verði útlitsbreyting á fossunum.

### Fokáhrif

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að ekki verði hætta á fokáhrifum vegna miðlananna á heiðinni. Lónin liggja í mikilli hæð yfir sjó og verði ís á þeim, líkt og á Heiðarvatni, oft fram í lok júní. Lónin fyllist oft snemma vors og séu oftast nær full þegar ísa leysir. Framburðarhætta af Fjarðarheiði sé lítil vegna þess hversu jarðefnasnautt afrennslissvæðið er.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram í tilkynningu framkvæmdaraðila hversu mikil vatnsborðssveifla verður í lónunum.

Náttúrustofa Austurlands lagði mat á áhrif hugsanlegra vatnsborðssveifla í Heiðarvatni á lífríki að beiðni framkvæmdaraðila (sjá viðauka með tilkynningu um framkvæmdina). Í greinargerð náttúrustofunnar segir:

*„Sveiflur í vatnsborði Heiðarvatns og fyrirhugaðs Þverárlóns þótt einhverjar verði hafa trúlega ekki mikil áhrif á umhverfið kringum lónin. Jarðvegur er hverfandi litill á svæðunum og gróður að sama skapi mjög rýr. Gróður er gisinn og helst að mosagróður sé á melum og klöppum en slíkur gróður þarf nánast engan jarðveg. Þó eru litlar jarðvegsræmur í dældum sums staðar en þær eru yfirleitt þunnar og malarkenndar og gróður í þeim einnig rýr. Ekki verður séð að hætta sé á foki úr fjöruborði þar sem laus jarðefni eru lítil og vatnið er tært fjallavatn en ekki aurblandað eða fullt af framburði.“*

Miðað við framangreint er því ekki ástæða til að ætla að hætta sé á að fok úr fjöruborði lóna mun valda umtalsverðum umhverfisáhrifum.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Umhverfisstofnun bendir á að áður en veitt er framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhuguðum virkjunum í Fjarðará skal leita umsagnar stofnunarinnar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Jafnframt skal leggja fram áætlun um efnistöku skv. 48. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Friðriksdóttir  
fögsviðsstjóri

  
Stefán Einarsson  
staðgengill forstöðumanns  
framkvæmda- og eftirlitssviðs